

Pési



Lesið þetta

- Íslandsmeistarar
- Námskeið
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Reglugerðir

Næsti Pési kemur út
16. maí Skil á efni er
13. maí

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
“Miðjan”	4
Hrunaspjall	8
Eldri Hruna- menn	17
Rauði kross- inn	20
Smárafréttir	26

Apríl 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 215. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Lokun bankans – mótmælalisti

Eðlilega hefur farið fram mikil umræða í hreppnum um lokun Kaupþings á Flúðum og hvernig pósthjónustu verði háttað í hreppnum þegar að þessu kemur sem verður væntanlega í júlí. Það er gríðarleg eftirsjá í bankanum og fólk almennt mjög ósátt við framvindu málsins. Sveitarstjóri og oddviti hafa hitt alla útíbússtjóra banka-anna á Selfossi og sveitarstjórn fjallað um málið. Vissulega eiga sér stað miklar breytingar á öllum sviðum en við sættum okkur illa við að missa þessar þjónustustofnanir úr þessu ört vaxandi sveitarfélagi. Benda má lesendum á að mótmælalisti þessa efnis liggur frammi í versluninni Strax og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.



“Maður getur alltaf á sig blómum bætt.”

Ljósm. SigSigm



.Guðmann,Marianne form Árnesingad.Rauða krossins og Þórarinn. .Sjá bls 20

Íslandsmeistarar og 100 ára ungmennafélag!

Félagsstarf hér í hreppnum er óvenjulega öflugt og fjölbreytt. Óhætt er að segja að allir sem áhuga hafa á geti fundið eitthvað við sitt hæfi, óháð aldri. Um þessar mundir fagnar Ungmennafélag Hrunamanna 100 ára afmæli sínu. Ungmennafélagshreyfingin er traust og farsæl hreyfing og hefur valdið straumhvörfum í íslensku samfélagi. Margt ungt fólk hefur tekið út þroska sinn í félagsmálum í þeirri hreyfingu. Því hverskonar þátttaka í félagsstarfi og íþróttum hefur mikið uppeldislegt gildi. Sú þátttaka hefur síðar nýst mönnum á mörgum öðrum sviðum samféluginu til heilla. Íþróttastarf hér í sveitinni er reyndar mjög öflugt og ótrúlega fjölbreytt. Margir leggja á sig mikla vinnu til aðstoðar því unga fólk sem tekur þátt í íþróttastarfi. Ekki má gleyma því hve mikið forvarnastarf felst í íþótta- og félagsmálapátttöku. Þeir sem komast í gott form á unga aldri njóta þess í raun nær alla æfi. Að margra mati er of mikið lagt uppúr afrekum íþróttafólks og þeim sem skara fram úr er oft sérstaklega hampað. Þetta má reyndar yfirfæra á önnur svið mannlífsins. Það er auðvitað mikið til í þessu en ekki má gleyma því að í þessu felst einnig ákveðinn hvati. Það kitlar okkur samt alltaf þegar vel gengur og menn skara fram úr. Við urðum óneitanlega stolt þegar körfuknattleiks lið okkar sigraði aðra deild á Íslandsmóti Körfuknattleikssambands Íslands s.l. sunnudag. Það þykir mikið afrek í ekki fjölmennara samfélagi að komast í fyrstu deild. Hér leika engir útlendingar með liðinu eins og algengt er orðið, heldur byggist starfið uppá heima- og nærsveitarmönnum. Þetta er skemmtilegt, eykur samheldni og skapar stolt. Nýkrýndum Íslandsmeisturum er óskað til hamingju með titilinn. Öllum félögum í Ungmennafélagi Hrunamanna er óskað til hamingju með aldar afmæli félagsins og þakklæti komið á framfæri til allra þeirra sem fyrr og síðar hafa stuðlað að merku starfi félagsins hér í hreppnum.

Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Miðjan fundin

Áhugamenn úr hópi vaskra jeppamanna í 4x4 hafa lagt land undir fót til þess að finna miðju Íslands. Nokkur leit hefur verið gerð að miðjunni í samráði við Landmælingar Íslands. Í framhaldi að þessu var reiknuð út flatarmálsmiðja landsins og er hún rétt norðan við Hofsjökul, suður af Illviðrahnjúkum, 15 – 19 km austan við Ingólfsskála. Búið er að merkja staðinn og flytja þangað 700 kg. stuðlabergstein frá Hrepphólum, þannig að segja má að miðdepill Íslands sé úr Hrunamannahreppi. Tilraun hefur verið gerð til þess að ganga formlega frá þessari merkingu. Þar voru þingmennirnir Siv Friðleifsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir með í för en Halldóra Hjörleifsdóttir var fulltrúi hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Tilraunin mistókst vegna veðurs en verður vafalaust farin á nýjan leik þegar vorar.

Borað í landi Kópsvatns

Í farvatninu eru áform um að bora eftir heitu vatni í landi Kópsvatns. Þeir Kópvatnsbræður eru einstakir áhugamenn um þessi mál en bróðir þeirra Guðmundur hafði mjög skýra framtíðarsýn í þessum efnum. Ekki er búið að ganga frá öllum formsatriðum hvað þetta varðar en ekki er ólíklegt að borun hefjist í lok maí. Framkvæmd þessi er í rauninni í beinu framhaldi af auðlindakorti því sem gert hefur verið fyrir Hrunamannahrepp og var unnið af Kristjáni Sæmundssyni, Hauki Jóhannessyni og fleiri starfsmönnum ÍSOR, Íslenskra orkurannsókna.

Ársreikningur Hrunamannahrepps lagður fram

Á síðasta fundi hreppsnefndar var Ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2007 lagður fram til fyrri umræðu. Rekstur sveitarfélagsins hefur batnað á síðustu árum. Rekstrarniðurstaða A hluta er kr. 481.142.903 og fyrir A og B hluta kr. 517.616.898. Rekstrarniðurstaða A hluta er kr. 43.922.389 og fyrir A og B hluta kr. 46.128.057. Fjárfestingar námu kr. 72.966.105 en veltufé frá rekstri nam kr. 77.982.328. Heildareignir sveitarfélagsins nema kr. 705.279.393 og heildarskuldir nema kr. 439.804.988. Eigið fé nam kr. 265.474.405. Seinni umræða ársreiknings fer fram á fundi hreppsnefndar 17. apríl n.k.

Hrunamannahreppur tekur lán

Í upphafi þessa mánaðar tók Hrunamannahreppur lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð kr. 45.000.000. Í fyrra voru engin lán tekin og ekki hafa verið tekin lán hjá sveitarfélaginu frá því við lögðum í síðustu vatnsveituframkvæmdir í Fagradal. Vextir eru 6%. Þetta eru hagstæðustu lán sem hægt er að fá um þessar mundir. Láninu verður varið til fráveituframkvæmda og þinnig til gatnagerðar.

Unnið við framkvæmdir á nýju tjaldsvæði

Stefnt er að því að hluti tjaldsvæðisins verði tekinn í notkun á næsta ári. Til stendur að slétta og sá í það sem hafa verið malarnámur á efra svæðinu en það svæði verður tekið í notkun árið 2010. Einnig er áætlað að halda áfram að planta trjám og trjágróðri á svæðið á þessu ári. Ellefu einstaklingar eru rekstraraðilar og standa að þessum framkvæmdum. Þessi sami hópur hefur fengið úthlutaðri lóð undir þjónustumiðstöð og eru umræður um framkvæmdir á byrjunarstigi.

Ný reiðhöll – nýtt svæði fyrir hestamenn

Guðmundur Hjaltason hjá Verkfræðistofu Suðurlands hefur nú lagt lokahönd á útfærslu á flutningi á árfarvegi Litlu Laxár. Áður höfðu fulltrúi Landgræðslunnar og Vegagerðarinnar gert tillögur þar að lútandi en þessi mála-fokkur fellur einmitt undir þessar ríkisstofnanir. Landgræðslan fær fjármuni í gegnum Fjárlaganefnd Alþingis en tengist oft framkvæmdum. Þessi tilfærsla er þáttur í uppbyggingu hestamannasvæðisins þar sem reiðhöllin rís innan tíðar og byggt verður nýtt svæði fyrir hestamenn.

Vorar í lofti – tökum til í kringum okkur!

Nú þegar snjóa leysir kemur í ljós alls konar rusl sem fýkur um hreppinn. Við hvetjum íbúa til þess að hafa opin augun og taka til í kringum sig. Það tekur ekki nema fáeinar mínútur að ganga um og tína lauslegt rusl svo ekki sé talað um tilfærslu ruslapokum o.þ.h. Umhverfisnefnd og nefnd sem fjallar um málefni staðardagskrár 21 hafa verið með hugmyndir um sérstaka hreinsunarkviku í sveitarfélaginu sem endaði svo með einum allsherjar rusladegi á Flúðum með timburbrennu og tilheyrandi. Allar hugmyndir um þessi mál eru vel þegnar einnig um það hvaða tími hentaði best.

Vegagerðin hætt að vinna að samningum um Bakkatúnsveg

Vegagerðin hefur sent til hreppsnefndar gögn sem hún hafði útbúið og sent þeim landeigendum sem eiga land sem fellur undir svokallaðan Bakkatúnsveg. Í þeim gögnum gerði Vegagerðin landeigendum tilboð í land undir veginn. Ástæða þess að Vegagerðin skilar málinu aftur til hreppsnefndar eru lagabreytingar sem áttu sér stað við síðustu áramót, fram að þeim tíma flokkaðist þessi vegur undir þjóðveg í þéttbýli og var Vegagerðarinnar að sjá um. Hins vegar fylgir enn fjárveiting með veginum sem þegar hefur verið samþykkt að upphæð kr. 30.000.000, en enn er ekki vitað hvenær hún verður greidd. Málið er því núna komið til hreppsnefndar og verður unnið að því áfram. Ákveðnir eignaraðilar lands að Bakkatúni fullyrða að fulltrúar Vegagerðarinnar hafi verið í litlu sem engu sambandi við þá varðandi þessi mál og standa þar orð gegn orði.

Hjartastuð á Hótel Flúðum

Þau ágætu hótelstjóri Margrét og Guðmundur vilja koma því á framfæri að hótelinu er hjartastuðtæki sem er hægt að grípa til ef einhver þarf á slíku að halda. Slíkt tæki er einnig til í Sundlauginni á Flúðum og var gefið af Rauða Krossi Íslands.

Sérútgáfa Pésans

Mörgum þykir nóg um drýldni í skrifum ritstjórans um hreppinn og mannlíf í hreppnum. Aðrir henda gaman af enda er það m.a. tilgangurinn með skrifunum. Þess vegna urðum við stolt af því að unga fólkið sem er á bak við glæsilegan árangur Körfuknattleiksliðs UMFH fékk leyfi til þess að gefa út sérútgáfu af Pésanum í tilefni úrlitaleiks Hrunamanna og Laugdæla um helgina. Ekki spillti fyrir sigur í leiknum og sigur í annarri deild en fjögur lið á Suðurlandi keppa í fyrstu deild í körfuknattleik á næsta keppnistímabili en þau eru auk Hrunamanna: Laugdælir, Hamar og Þorlákshöfn. Glæsilegur árangur það!

Listsýningar í versluninni Strax

Nú stendur yfir sýning á málverkum Maju Guðna sem er listakona af Sel-tjarnarnesinu. Næsta sýning verður á ljósmyndum eftir Láru Jónu Sigurðardóttur. Hún er úr Hafnarfirði en hún er ættuð frá Syðra-Seli. Móðir hennar er Guðrún Böðvarsdóttir systir Agnesar verslunarstjóra í versluninni Strax. Það er skemmtilegt að fólk sýni listaverk í anddyri verslunarinnar.

Mjólkin í skólanum

Einhver misskilningur virðist vera í gangi varðandi mjólkurdrykkju barnanna í skólanum. Inni í fæðisgjaldinu er mjólk með skólamáltíðum og ekki innheimt sérstaklega fyrir hana. Hins vegar geta börnin gerst áskrifendur að mjólk úr sérstöku “brynningar apparati” þar sem þessi kaldi og heilnæmi drykkur er á boðstólum gegn gjaldi sem er innheimt einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir jól að upphæð kr. 1.500 í hvort sinn. Svipað fyrirkomulag er í fjölda skóla. Ef við hugsum þessar upphæðir í gosdrykkjarverðum sjáum við að miðað við verðlag á þeirri vöru fengjum við ekki marga lítra af gosdrykkjum fyrir þessa upphæð.

Minkurinn flúði sveitarstjóran

Hinn athuguli verktaki Tómas Þórir Jónsson tók eftir því að minkur skaust undir sólpallinn hjá sveitarstjóranum á dögnum. Talið er að hann hafi haft þar vetursetu. Einn af fimari skotmönnum sveitarinnar kálaði minknum skömmu síðar. Gárungarnir töldu þó að vel færi á því að vera með mink undir sólpallinum og pólitískan ref í húsinu. Pólitíski refurinn hefur sloppið ęnþá, þrátt fyrir eina og eina skrokkskjóðu en það ku fylgja starfinu.

Nýtt veiðihús við Heiðarvatn

Endanlegt skipulag við Heiðarvatn liggur nú fyrir. Eins og sjálfsagt mörgum lesendum Pésans er kunnugt fékk hópur sem kallar sig „Á seyði“ leyfi til þess fyrir mörgum árum að gera manngert vatn sem kallað er Heiðarvatn á afrétti Hrunamanna. Stefnt er að því að koma upp nýju veiðihúsi á þessu ári. Aðalhvatamenn þessa eru Örn Einarsson og Guðjón Birgisson. Þeir eru af mörgum taldir slyngustu veiðimenn hreppsins.

Reglugerðir um hunda og kattamál

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt reglugerðir um hunda- og kattahald, sem birtar eru í þessum Pésa. Ófremdarástand hefur verið á þessum sviðum hjá okkur um langan tíma. Hinir stilltustu menn hafa komið að máli við starfsfólk hreppsins og gert verulegar athugasemdir við að ekki hafi verið tekið á þessum málum af nægilegri hörku. Mikið er kvartað undan lausum hundum sem gera þarfir sínar eins og talað er um að utangarðsmenn geri í miðborginni. Á sama hátt er mikið af köttum sem gera sig heimakomna í húsum sem leiðir til þess að ekki er hægt að opna glugga hvorki að nóttu eða degi öðru vísi en að kettir séu komnir inn. Sem betur fer eru fleiri dæmi um að íbúar hér passi gæludýr sín vel og taki tillit til nágrannanna. Við verðum að taka sameiginlega á þessum málum og eigendur gæludýra verða að skilja að óheft ganga þeirra um þéttbýlið gengur ekki lengur.

Elsa hættir í sundlauginni

Starfsmaður okkar Elsa Nielsen sem hefur verið umsjónarmaður sundlaugarinnar um nokkurra ára skeið hefur ákveðið að hætta hjá okkur í næsta mánuði. Eftirsjá er af Elsu úr þessu starfi og er henni þakkað gott starf og góðar ábendingar. Elsu er margt til lista lagt hún er afbragðs nuddari og er að ljúka sjúkraliðanámi. Við umsjónarstarfinu tekur Þóra Ágústa Úlfsdóttir. Hún mun síðan væntanlega fara í framhaldsnám í haust og þá vantar okkur aftur umsjónarmann með sundlauginni. Áhugasamir eru hvattir til þess að hafa samband við sveitarstjóra.

Enn gala gaukar

Nú er að koma að uppskeru hátíðum kóranna okkar. Manskor Hreppamanna, svo slegið sé um sig á færeysku og Vörðukórinn verða með sameiginlega tónleika í Keflavík 3. maí n.k. Karlakór Hreppamanna verður með tónleika í Félagsheimili Hrunamanna 26. apríl n.k. og Vörðukórinn verður með tónleika í Árnesi 2. maí. Að vanda stýrir Edit Molnar sínu liði og Stefán Þorleifsson stjórnar Vörðukórnum.

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Eftir kulda og vott af vetri fer nú vorið brátt að minna á sig. Bjartir geislar sólar kalla lífið fram og þýða upp kuldakrepptar klær vetrar og doða. Páska-hátíðin að baki og brátt förum við að ferma blessuð börnin, sem fyrr en varir verða flogin burt á eigin forsendum.

Biskup Íslands kom til messu í Hruna þann 29. mars, flutti eftirminnilega prédikun og setti nýjan prófast inn í embætti. Ekki var að sjá að Hrunamenn væru almennt uppnæmir fyrir slíku og mættu, ef eitthvað var, heldur dræmar en almennt gerist. Kór og organisti stóðu sig hins vegar með mikilli þryði og héldu á lofti virðingu safnaðar og samfélags.

Barnastarf hefur verið með daufasta móti nú eftir áramótin en nú ætlum við samt að leika sama leik og í fyrra að bjóða til sameiginlegrar stundar í Skálholti með öðrum söfnuðum uppsveitanna og þiggja hressingu í Skálholts-skóla á eftir. Gaman væri að fjölmenna með unga fólkið í Skálholt þann 13. apríl kl.11

Helgihaldið framundan:

13. apríl kl.11 barna og fjölskyldustund í Skálholtskirkju

24. apríl (sumardagurinn fyrsti) kl. 13 messa í Hrunakirkju

Fermd verða:

Daði Geir Samúelsson, Bryðjuholti,
Faney Margrét Eiríksdóttir, Hruna,
Guðný Vilmundardóttir Vesturbrún 4 Flúðum,
Guðrún Lilja Stefánsdóttir, Brautarholti
Ingvar Jóhannsson, Sólheimum,
Ísak Jónasson Suðurhof 8, Flúðum,
Jón Aron Lundberg, Akurgerði 3 Flúðum
Sandra Björk Jóhannsdóttir, Högnastíg 1 Flúðum.

27. apríl (fyrsti sunnudagur í sumri) kl 11 messa í Hrepphóla-kirkju.

Fermd verða:

Bjarki Steinþórsson, Brautarholti
Hróðný Jónsdóttir, Dalbæ,
Kristín Eva Einarsdóttir, Miðfelli 2a.
Rakel Sigurðardóttir, Laxárdal

11. maí (hvítasunnudagur) kl. 13 messa í Hrunakirkju:

Fermd verða:

Atli Sigmundsson, Smiðjustíg 13, Flúðum
Einar Ágúst Hjörleifsson, Fossi,
Guðrún Edda Bjarnadóttir, Skipholti,
Hafdís Ellertsdóttir, Högnastíg 5,
Hjörleifur Þór Steingrímsson, Fossi,
Ívar Sigurðsson, Högnastíg 50, Flúðum
Sigmar Sigþórsson, Högnastíg 15a Flúðum.

12. maí (annar í Hvítasunnu) kl. 14 hátíðarmessa í Hrepphóla- kirkju.

Með góðri kveðju og blessunaróskum, Eiríkur Jóhannsson.

Vörðukórinn heldur tónleika í Árnesi föstudaginn 2 maí kl. 20:30.
Flutt verða sönglög úr vinsælum söngleikjum og lög eftir Sigfús Hall-
dórsson. Hermundur Guðsteinsson og Dórótea Höeg Sigurðardóttir
syngja einsöng.
Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir. Undirleikari: Arnildur Valgarðsdóttir

Til sölu 20 feta gámur, sem stendur fyrir utan Björgunarsveitarhúsið
Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar hjá Óskari í síma 862 4944

Sumarstarf

Starfsfólk vantar í sumar í Ferðaþjónustuna Syðra Langholti
Uppl. gefur Vigdís í síma 861 6652

Taktu þér tak með Herbalife.
Hringdu og fáðu frían prufupakka
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife.
silja1@simnet.is / 892 6728

Vortónleikar Uppsveitasystur

Nú er komið að því að við Uppsveitasystur höldum okkar fyrstu sjálfstæðu vortónleika í Félagsheimili Hrunamanna. Tónleikarnir verða haldnir föstudaginn 18. apríl kl 20:30. Þar munum við syngja lög frá ýmsum löndum og er þema kvöldsins „að stelast burt“ og „fara heim“. Kórstjóri er Magnea Gunnarsdóttir og undirleik annast Stefán Þorleifsson. Einnig munu ungar og upprennandi söngkonur stíga á stökk. Aðgangseyrir er 1500 kr.

Uppsveitasystur er eldhress kvennakór sem nú þreytir sitt 2. starfsár. Kórinn syngur aðallega gospelsöngva og koma meðlimir hans, eins og nafnið ber til kynna, úr uppsveitum Árnessýslu og einnig er þar að finna nokkra Selfyssinga.

Vonumst við til að sem flestir sjái sér fært að mæta og hlýða á okkar hugljúfa söng.

Sjáumst!
Uppsveitasystur

S.S. fréttir

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands var haldinn 28. mars sl. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild á fundinn voru Bjarni Valur Skippholti, Eiríkur Grafarbakka, Ólafur Hrepphólum og Jóhanna Hrafnkelsstöðum. Afkoma félagsins var mun betri 2007 en árið 2006 og var hagnaður af rekstrinum 132,7 mkr á móti 23,4 mkr árið áður. Veltan jókst um 8,5% á milli ára. Staða Sláturfélagsins er mjög sterk, bæði fjárhagslega og markaðslega, en hafa ber í huga að ýmsar ógnir steðja að sölu og neytendamálum í þjóðfélaginu. Eins og bændum er kunnugt hefur SS markaðssett hér á landi Yara áburð og dlg fóður með góðum árangri. Það nýjasta í þessari aðfangaflóru er rúlluplast. Um er að ræða Teno spin ein þekktasta plasttegund á markaðnum, einnig Prexstream ný þróuð tegund, sem er 30% þynnri með sama styrk og svo Trio Tect fyrir súrgryfjur.

Að sögn Hjalta Hjaltasonar fjármálastjóra SS er verið að ganga frá verði og sölutilhögun í þessari viku. Af þið bændafólk óskið eftir nanari upplýsingum um eitthvað, sem varðar félagið þá hafið endilega samband Jóhanna Hrafnkelsstöðum

Frá Umhverfis og samgöngunefnd.

Kæru sveitungar.

Nú styttist í vorið, snjór að hverfa og norðanbelgingurinn vonandi að gefa eftir.

Víða má sjá frekar hvítleitt skraut á girðingum og á trjám og viljum við benda fólki á góða heilsurækt sem felst í því að fá sér göngutúr og tína rusl í leiðinni.

Með einu símtali við Tómas Þóri er hægt að fá til sín járnagám, ef einhverjir huga að stórtækum hreinsunar aðgerðum.

Svo viljum við minna á netfangið okkar umhverfi@fludir.is, þar er hægt að koma skoðunum sínum á framfæri, og bendum við aftur á að gaman væri að heyra hvaða augum fólk lítur á gámasvæðið, hvað hægt sé að gera til að bæta umhverfi þess??

Gunnlaugur, Magga og Þórunn.

Aðalfundur

Aðalfundur Skógræktarfélags Hrunamannahrepps verður haldinn þann 14. apríl næstkomandi í Golfskálanum á Efra-Seli kl. 21:00.

Á dagskránni eru venjuleg aðalfundarstörf. Gjaldkeri og varamaður eru í kjöri að þessu sinni.

Stjórnin er þannig skipuð núna að formaður er Sigríður Jónsdóttir Fossi, gjaldkeri Marta Jónsdóttir Birtingaholti, ritari er Eiríkur Jónsson Hruna. Til vara Fjóla Helgadóttir Skollagróf, Halldór Guðnason Efra-Seli og Arndís Eiðsdóttir Akurgerði 3 Flúðum.

Fyrirlesari kvöldsins verður Hrönn Guðmundsdóttir, sem segir okkur frá ertuyglu og fleira góðgæti í skóginum
Kveðja Sigríður

Innilegar þakkir til allra þeirra, sem glöddu mig með heim-sóknum gjöfum og skeytum á 70 ára afmælisdegi mínum, og gerðu mér hann ógleymanlegan.

Guð blessi ykkur öll
Siggi Sigmunds

Fréttir frá Björgunarfélaginu.

Við í Björgunarfélaginu Eyvindi höfum í ca 3 ár unnið markvisst í því að útbúa mikið breyttan Ford Econoline bíl okkar til notkunar til sjúkraflutninga og í fyrstu hjálp hér í uppsveitunum.

Við stefndum svo að því að fá sjálfvirkt hjartastuðtæki til að bæta enn á tækjabúnað bílsins. Við sóttum um styrk til Árnesingadeild Rauðakross Íslands fyrir því og er skemmst frá því að segja að þau tóku styrktarósk okkar mjög vel.

Ætlar Árnesingadeildin og Sjúkraflutningar Suðurlands að styrkja okkur um þau tæki sem vantar til að hafa bílinn tilbúinn í sjúkraflutninga og verðum við þá í samstarfi við þau og á útkallslista hjá þeim. Enda hefur reynsla síðustu ára hefur sýnt okkur það að gott er að hafa sjúkraflutningabíl hér í nágrenningu til að stytta þann tíma sem það tekur að koma slösuðum og sjúkum, einstaklingum á sjúkrahús og einnig að hafa bíl sem hægt er að keyra þar sem hefðbundnir sjúkraflutningabílar komast ekki.

Til að þetta allt geti orðið að veruleika þurfa aðilar úr Björgunarfélaginu að sækja námskeið sem kallað er, fyrstahjálp í óbyggðum og er þetta vikunámskeið sem haldið er í næstu viku á Gufuskálum.

Björgunarfélagið hefur sent ósk um peningastyrki til nokkurra fyrirtækja og félagasamtaka á svæðinu til að aðstoða okkur með kostnað vegna námskeiðsgjalda, og vonum við að þeir aðilar taki jákvætt í það erindi.

En allir styrkir eru vel þegnir og margt smátt gerir eitt stórt svo við látum fylgja hér með reiknisnúmer og kennitölu ef einhver hefur áhuga á því að styrkja okkur í þessu verkefni sem við teljum að sé hagur fyrir alla íbúa og gesti Hrunamannahrepps og í nágrenni okkar.

Með vorkveðju
Björgunarfélagið Eyvindur
Kt 460100-2590
Reikn 0325-26-2590

TILKYNNING FRÁ HROSSARÆKTARFÉLAGI HRUNAMANNA

Folaldasýning

Ákveðið hefur verið að breyta tímasetningu á okkar árlegu folaldasýningu. Verður hún laugardagskvöldið 19. apríl kl 20:00 í Reiðskemmuni á Jaðri hjá þeim heiðurshjónum Krissu og Agnari. Hvetjum við alla til að skrá sína bestu ræktun'07 fyrir 16. apríl, en takmarka fjöldann við tvö folöld.

Eins eru upprennandi stóðhestar fæddir "05 og"06 velkomnir.

STÓÐHESTAR

Eftirtaldir stóðhestar verða á vegum félagsins í sumar:

Fyrri gangmál.

Heiðursverðlaunastóðhesturinn

Hugi frá Hafsteinsstöðum

F: Hrafn frá Holtsmúla

M: Sýn frá Hafsteinsstöðum

S: 8,13

H: 8,49

A: 8,31

Verð:53.000 + vsk

Seinna gangmál

Þróstur frá Hvammi

F: Þorri frá Þúfu

M:heiðursverðlaunahryssan

Löpp frá Hvammi

S: 8,38

H: 8,30

A: 8,33

Verð: 45.000+ vsk

Skráning á folaldasýningu og stóðhestapantanir í síma:

848 5811 (Berglind) 617 5373 (Þór) 899 5639 (Einar Logi)

Orðsending til eldri Hrunamanna

Nú er okkur boðið í Árnes föstudaginn 18. apríl kl.14:00.

Það eru félagar í Skeiða og Gnúpverjahreppi,
sem bjóða okkur heim.

Vinsamlega látið vita um þátttöku í síðasta lagi fyrir sunnudagskvöldið 13. apríl, til Guðbjargar í síma 486 6670

eða Helgu í síma 486 6732 eða 867 0203

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-

hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar



ATVINNA

Samkaup Strax á Flúðum

Óskum eftir starfsfólki á allar vaktir

Aðeins þjónustulundaðir og drífandi einstaklingar koma til greina, eldri en 18 ára. Fólk á öllum aldri er hvatt til að sækja um. Upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum eða í síma 867 5009

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



KAUPPING

Hraðbankinn

er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á

Flúðum:

mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00

Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

VÖNDULL ehf

FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM

ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til föstudaga kl.

13:00, . Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Fördun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundur var haldinn 7. apríl síðastliðinn og mættu 24 konur á fundinn af 94 félagskonum. Samantekt af fundinum er svohljóðandi:

- 5 lagabreytingar voru gerðar en þær breytingar gengu aðallega út á orðalag og að færa úrelt lög í nútímahorf. Nafn á varastjórn breytist í meðstjórnendur.
- Styrki hlutu Sigmar Sigþórsson að upph. kr. 80.000.– til styrktar tölvukaupum og Heilsugæslustöðin í Laugarási að upph. kr. 50.000.– til kaupa á blóðþrýstingsmæli og barnavog.
- Skipað var í allar nefndir félagsins.
- Anna Kr. Ásmundsdóttir var endurkjörinn formaður.
- Ragnhildur Þórarinsdóttir gekk úr varastjórn og eru henni þökkuð kærlega vel unnin störf. Í hennar stað var kosin Valdís Magnúsdóttir og er hún boðin hjartanlega velkomin til starfa.
- Nefndir skiluðu skýrslum og kom þar fram gott og mikið starf kvenna í þágu félagsins og samfélagsins alls.
- Félaginu voru færðar þakkir frá styrkþegum hér heima og að heiman og er það okkur mikil hvatning til áframhaldandi starfa á sama vettvangi.
- Ýmis önnur mál.

Að lokum viljum við þakka öllum félagskonum fyrir frábær störf og þökkum jafnframt velunnurum okkar úr röðum samfélagsins alls. Þær félagskonur sem gátu ekki komið á fundinn, munu á næstu vikum fá sendar upplýsingar um nefndarskipan og niðurröðun í veitingahópana. Með vor í sinni og þakklæti.

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Verðskrá 30 mín. = 100,- kr.

Lánstími bóka eru 30 dagar.

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími: 486 6708

Velkomin á bókasafnið **J**



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Kaffi-Sel, golfskálanum, veður opið í **apríl og maí** sem hér segir:

Föstudaga, frá kl. 18.00 til 20.30

Laugardaga og sunnudaga frá kl. 12.00 til 20.30

Sunnudaginn 27. apríl er salurinn lokaður, en afgreitt út úr húsinu.

Opið alla daga frá 15. maí

Hægt er að leika á golfvellingum á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

Verið hjartanlega velkomin

Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is



Rauði kross Íslands Árnesingadeild

Árnesingadeild Rauða kross Íslands hélt aðalfund sinn að Hótel Flúðum miðvikudaginn 12.mars.Auk venjulegrar aðalfundarstarfa voru tveimur ungum mönnum þeim Guðmanni Unnsteinssyni og Þórarni Pálssyni veitt viðurkenning fyrir

að hafa sýnt eftirtektarverða færni og þekkingu í skyndihjálpi árið 2007. Þeir voru í fjallgöngu ásamt vini sínum sem féll í gljúfur ca.70 m fall þeir stóðu sig

frábærlega,beittu réttum aðferðum og nýttu þekkingu sem þeir fengu á skyndihjálparnámskeiðum hjá Rauða krossinum sem þeir tóku í grunn og framhaldsskóla.

Þeir unnu mikið þrekvirki.

Á meðf.mynd er frá hægri Guðmann,Marianne formaður deildarinnar og Þórarinn. (Sjá bls 2 innsk. Pési)

Gestur fundarins var Jón Brynjar Birgisson verkefnisstjóri neyðarvarna Rauða krossins.

Ræddi hann um mikilvægi þess að deildir hefðu neyðarvarnaáætlanir sínar vel upp færðar og á að skipa vel þjálfuðum fjöldahjálparstjórum.Því hamfarir og slys gera sjaldnast boð á undan sér.

Stjórn deildarinnar var endurkjörin en hana skipa:Marianne B.Nilsen formaður,Urður Skúladóttir ritari,Bergdís Sigurðardóttir gjaldkeri Ármann Höskuldsson og Eiríkur Jóhannsson meðstjórnendur og varamenn Anna B.Matthíasdóttir og Guðmundur Magnússon.Endurskoðandi var kjörin Kristófer Tómasson en fráfarandi endurskoðandi er Jórunn Lilja Andrésdóttir og vill deildin þakka henni vel unnin störf á liðnum árum einnig lætur af störfum Margrét Gunnarsdóttir sem hefur fært bókhald deildarinnar og er henni þakkað frábært starf sem hún hefur unnið af nákvæmni og samvisku-semi.

Námskeiðið
hefst 21. apríl
kl. 17.00

Eftirfarandi verður kennt
á námskeiðinu:

- Grunnatriði í tölvunotkun
- Að nota Netið
- Að nota heimabanka

Fræðslunet
Suðurlands 

Skráning og upplýsingar í síma
480 8155

Kennslan fer fram í
tölvuveri Flúðaskóla.
Kennari er Elín Jóna
Traustadóttir
tölvukennari.

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara

Kaupþing býður viðskipavinum
sínnum 60 ára og eldri, uppá
tölvunámskeið þar sem kennt
verður að nota Netið og
heimabanka Kaupþings.

Námskeiðið verður á mánu-
og miðvikudögum 21. apríl –
14. maí kl. 17-18.30.

Þann 14. maí verður kennt á
heimabanka Kaupþings og
eru þeir sem vilja læra á
hann velkomnir í hópinn.
Allir þátttakendur skrái sig
hjá Fræðsluneti Suðurlands.



KAUPÞING

SAMÞYKKTIR

Um kattahald í Hrunamannahreppi.

1.gr.

Skrá skal alla ketti í Hrunamannahreppi

2. gr.

Kattahald í þéttbýli á Flúðum sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

3.gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Hrunamannahrepps. Eigendur eða umráðamenn skulu merkja alla ketti í þéttbýli með ól um hálsinn, húðflúri í eyra eða örmerkingu, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

4.gr.

Kattaeigendum er skylt að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Um kattahald í fjöleignarhúsum fer einnig samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

5.gr.

Kattareiganda er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

6.gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

7.gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

8.gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr.941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

9.gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum áhaldahúss Hrunamannahrepps er heimilt að hand-sama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku er sveitarfélaginu heimilt að aflífa hann sbr. þó sbr. þó 8.grein rgl. nr. 1077/2004. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Litið er á ómerkta ketti sem villiketti. Handsömun á ketti skal auglýst á heimasíðu Hrunamannahrepps og á fjölförnum stað s.s. versluninni á Flúðum.

10.gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

11. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af samþykkt þessari. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, skv. ákvæðum 25.greinar laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, msbr. Gjöld mega ekki vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits.Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu kattar. Í gjaldskrá skal einnig kveðið á um handsömunar-og geymslu-gjald sbr.2.grein. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

12..gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

13.gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Lagt fram til síðari umræðu og samþykktar á fundi hreppsnefndar Hrunamanna-hrepps 5. mars 2008

SAMÞYKKT

um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hundahald í Hrunamannahreppi sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð eftirfarandi skilyrðum:

Einstaklingur sem sækir um leyfi til að halda hund skal hafa náð 18 ára aldri, vera sjálfráða og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Skylt er að skrá alla hunda í Hrunamannahreppi. Eigandi hunds skal láta örmerkja hund sinn hjá dýralækni skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta númeraða plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins. Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25.gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu á skrifstofu Hrunamannahrepps að tryggingin sé að fullu gildi.

Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu á því að hundar hafi verið hreinsaðir en ef það bregst getur sveitarstjórn látið hreinsa hundinn á kostnað eigandans.

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Undantekning er þó innan eigin lóðar og eða lögbylis, einnig smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Á almannafæri (skipulagt þéttbýli og frístundabyggð) er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hund eða hunda sína á tryggilegan hátt.

Hundaeiganda ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varðar s.s. reglur um árlega hreinsun hunda og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Hundaeigandi ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa hreppsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.

Hundar á lögbylum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

3. gr.

Við brot á skilyrðum skv. 2. gr. skal fjarlægja viðkomandi hund. Eigandi hundsins fær þá, ef um minniháttar brot er að ræða tækifæri til að leysa út hundinn gegn greiðslu þess kostnaðar, sem á hann er fallinn sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot er viðkomandi hundur tekinn út af skrá og er ekki lengur heimild fyrir eiganda hans að halda hund í sveitarfélaginu.

Sé hunds ekki vitjað innan sjö daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja ekki um hundinn getur haft í för með sér. Yfirvöldum sveitarfélagsins er aldrei skylt að geyma skráðan hund lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að láta aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Allur kostnaður við hundinn greiðist af eiganda. Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir á almannaferi skal handtaka og færa í geymslu í Áhaldahúsi Hrunamannahrepps. Heimilt er að láta lóga hættulegum hundum þegar í stað sbr.þó 8.grein rgl. nr. 1077/2004. Það á hvortveggja við um hunda sem haldnir eru í þéttbýli og dreifbýli í hreppnum. Handsömun á hundi skal auglýst á heimasíðu Hrunamannahrepps og á fjölförnum stað t.d. í versluninni á Flúðum. Sé hunds ekki vitjað innan 7 daga má láta aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn þá má krefja hann um greiðslu kostnaðar. Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla skráningu á einstökum hundum eða öllum hundum telji hún þess þörf.

4. gr.

Samþykkt þessi gildir einnig fyrir eigendur sumarhúsa og frístundabyggðar í sveitarfélaginu þó að hundarnir séu skráðir í því sveitarfélagi sem er lögheimili viðkomandi. Slíkir hundar eru þó undanskýldir ákvæðum b., c. og d. lið 2. greinar.

5. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af samþykkt þessari. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, skv. ákvæðum 25.greinar laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, msbr. Gjöld mega ekki vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits.Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hundsins og síðan árlega fyrir 1.maí. Í gjaldskrá skal einnig kveðið á um handsömunar-og geymslugjald sbr.3.grein. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum settum samkvæmt henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála og í samræmi við VI. og VII.kafla laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarfélagsins Hrunamannahrepps staðfestist hér með skv. 25.grein laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, msbr. til þess að öðlast gildi við birtingu.

Lagt fram til seinni umræðu á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 5. mars 2008.



Smárafréttir



Tölmót Loga, Trausta og Smára verður haldið í Ölfushöllinni 16 apríl og hefst kl 19:30. Skráning á staðnum. Vinsamlegast mætið tímanlega.

Þriðja og síðasta punktamót vetrarins verður í Torfdal á Flúðum laugardaginn 19. mars kl.14:00

Almennur félagsfundur hjá Hestamannafélaginu Smára verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum fimmtudaginn 17 apríl kl 20:30.

Fundarefni:

Reiðhöll og vinnuskipulag við reisingu á höllinni.

Vonumst eftir að sem flestir mæti því nú ríður á að koma húsinu upp áður en sauðburður hefst og vorverkin byrja fyrir alvöru.

Stjórnin



Límtrésverksmiðjan stækkar

Ljósm SigSigm



Tómötum pakkað á Melum

Ljósm SigSigm 27

